

**Nd.**

**453. Tillaga**

til þingsályktunar um kæliskip.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að skora á atvinnumálaráðherra að skipa 5 manna nefnd. Skal nefndin skipað þannig: 1 nefndarmanna eftir tillögum stjórnar Búnaðarfel. Íslands, 1 eftir tillögum stjórnar Sambands íslenskra samvinnufelaga, 1 eftir tillögum Verslunarráðs Íslands, 1 eftir tillögum stjórnar Fiskifjelags Íslands og 1 tilnefnir ráðherrann, og er sá maður jafnframt formaður nefndarinnar. Nú gera einhverjar af þessum stofnunum engar tillögur um skipun í nefndina, og skal þá atvinnumálaráðherra skipa í það sæti.

Verkefni nefndarinnar sje:

1. að rannsaka verkefnin fyrir kæliskip hjer við land og skilyrðin fyrir, að slíkt skip gæti borið sig fjárhagslega.
2. að beitast fyrir, að afflokinni áðurgreindri rannsókn og að fenginni viðunandi niðurstöðu, að fram fari almenn fjársöfnun til fyrirhugaðs kæliskips.
3. Að láta undirbúa fyrir næsta þing áætlun um stærð skipsins, byggingarkostnað, rekstrarkostnað og annað, er máli skiftir í því efni.

Greinargerð.

Á undanförunum árum hefir kappsamlega verið unnið að því að bæta kjötverkunina hjer á landi, enda er nú svo komið, að íslenskt saltkjöt hefir getið sjer góðan orðstir þar, sem það er mest notað erlendis. Þrátt fyrir þetta hefir verið þó ekki hækkað að sama skapi; veldur þar mestu um, að saltkjöt er viðast í litlum metum, og í öðru lagi, að markaðurinn fyrir íslenskt saltkjöt hefir

reynst mjög takmarkaður. Það virðast því litlar eða engar líkur til þess, að saltkjöt hækki í verði, og nálega loku skotið fyrir aukna kjötframleiðslu hjér á landi, svo nokkru nemi, ef byggja ætti á saltkjötsmarkaðinum einum. Við þessa örðugleika bætast svo gífurlegar tollálögur Norðmanna, sem ósjeð er, hversu fer um.

Kjötframleiðendurnir íslensku eru því að komast í kreppu, sem þeim riður á að losna úr, helst bæði í bráð og lengd. Sú skoðun er nú orðin allalmenn meðal bænda, að líklegasta og um leið sjálfsgöðasta leiðin til þess að losna úr þessu öngþveiti sje að koma kjötinu kældu eða frystu á erlendan markað. Samband íslenskra samvinnufjelaga hefir 2 undanfarin haust gert tilraunir með útflutning og sölu á slíku kjöti. Tilraunir þessar hafa leitt í ljós, að hægt er að koma íslensku kjöti óskemdu á breskan markað, að kjötið þykir sjerstaklega ljúffengt og að hægt er að selja það fyrir tiltölulega mjög gott verð.

Enn þá hafa þetta aðeins verið tilraunir, en til þess að verulegur útflutningur á kældu kjöti gæti hafist, verður að fá skip, sem sje sjerstaklega útbúið til slíkra flutninga. Emil Nielsen framkvæmdarstjóri hefir látið gera teikningu af kæli-skipi á stærð við Godafoss, og er áætlað, að það myndi kosta um 1400000 kr. danskar. Enn þá er þetta þó alt í lausu lofti og margt, sem þarf að rannsaka áður en í þetta er ráðist, þar á meðal og ekki síst, hverjar líkur væru til þess, að skip þetta hefði nægilegt að starfa þá hluta ársins, er það starfaði ekki að kjötflutningum, og í því sambandi, hvort skip þetta gæti ekki einnig orðið sjávarútveginum að verulegum notum.